



Stjórnarfundur FFR

Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 3 • Dagsetning: 03.09.2014 • Klukkan: 12:00. – 13:15 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir

Viðstödd: Borghildur Erlingsdóttir (BE), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Ingibjörg Sverrisdóttir (IS), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Sigríður Lillý Baldursdóttir (SLB), Gissur Pétursson (GP).
Einnig mættu: Steingrímur Ari Arason (SAA), Indriði Þorláksson (IÞ) og Kristín Völundardóttir (KV) frá starfskjaranefnd.

Forföll boðaði: Guðjón S. Brjásson (GSB).

1. Samþykki fundargerðar síðasta fundar 15. ágúst 2014.

Fundargerð samþykkt í styttri útgáfu og ákveðið að birta fundargerðir stjórnarfundar á heimasíðu félagsins.

2. Dagskrá funda fram að áramótum – samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

September: Flutningur ríkisstofnana

September: Fjárlögin 2015 og undirbúningur fjárlaga – fundur með framsögu fjármálaráðherra og tveggja forstöðumanna.

Október: Innri endurskoðun ríkisstofnana – formið og e.t.v. aðkoman verði skoðuð frekar

Nóvember: Vistvæn innkaup

Janúar: Nýsköpunarverðlaun

a. Stjórn FFR tilnefni fulltrúa í dómnefnd Nýsköpunarverðlauna.

Ákveðið að tilnefna Ingibjörgu Sverrisdóttur

3. Fjárlagafrumvarp lagt fram 9. september.

Upplýst um dagsetningu

4. Frumvarp til laga um opinber fjármál - fjármálaráðuneyti.

BE upplýsti að frumvarpið yrði lagt fram í breyttri mynd. Ákveðið að biðja með að óska eftir aðkomu félagsmanna að umsögn félagsins um frumvarpið þar til það hefur verið lagt fram.

5. Önnur mál.

a. Trúnaðarsamtal forstöðumanna við ráðherra.

Umræða um efnið, einnig skráningu funda og fundargerðir af fundum forstöðumanna með ráðherrum.

b. Ráðning, starfslok og flutningur forstöðumanna.

Á síðasta fundi stjórnar var ákveðið að taka ráðningu, starfslok og flutning forstöðumanna upp sérstaklega á vettvangi stjórnar. SLB og BE munu hefja þá vinnu með því að skoða sérstaklega tilurð og framkvæmd lagaákvæðis um 5 ára ráðningar forstöðumanna.

c. Málefni einstaka forstöðumanna.

Tveir forstöðumenn hafa leitað til stjórnar eða starfskjaranefndar með sín mál. Ákveðið um málsmeðferð

d. Staða dómsmáls.

SSA gerði grein fyrir því að málinu hafi verið vísað til Dómstólaráðs. Ákveðið að verða ekki aðilar að sambærilegum málum á meðan á þessum málarekstri stendur.

e. Hlutverk og gildi FFR

Vakin var athygli á að láðst hefði að senda tillögu að hlutverki og gildi til umsagnar forstöðumanna, eins og samþykkt var á aðalfundi að lokinni kynningu.

6. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 1. október kl. 12:00 – hjá Vinnumálastofnun



Stjórnarfundur FFR

Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 3 • Dagsetning: 03.09.2014 • Klukkan: 12:00. – 13:15 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið kl. 13:15. Fundargerð ritaði SLB